



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogsbær
b.t. Indriði Stefánsson
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 14. júní 2021
1810923, 900.00 BV

Umsögn umhverfissviðs

Umhverfis- og samgöngunefnd - 104 (6.11.2018) - Úttekt á þeim húsum sem klædd eru með asbesti erindi frá Indriða Stefánssyni. Umhverfis- og samgöngunefnd vísar erindinu til umhverfissviðs til umsagnar.

Umsögn:

Umsögn er að til að skrá umfang núverandi bygginga sem eru klæddar með asbesti þyrfti að stofna til verkefnis og umsýslu þar sem vörðuð væri leið með samráði, samvinnu og samstarfi íbúa, stofnana og annarra hagsmunaaðila um skráningu á núverandi tilvist asbest sem klæðningu bygginga í Kópavogi með tilheyrandi kostnaði. Umsögn umhverfissviðs byggir á neðangreindum forsendum.

Lög og reglur:

Asbest hefur verið bannað á Íslandi frá 1983 en það fyrirfinnst í byggingum, skipum og í hitaveituleiðslum. Innflutningur á Íslandi var mikill árin fyrir bann en minnkaði svo mjög ört og er enginn í dag.

Skráning:

Húsnæðis og mannvirkjastofnun hefur ekki haldið skráningu á notkun eða íblöndun á asbest til notkunar í byggingum og mannvirkjum. Húsnæðis og mannvirkjastofnun vísar til skráninga hjá borg og sveitarfélögum ef þær eru til en ekki er víst að slíkar skráningar séu til staðar þar sem notkun efnisins var hætt 1983. Mögulega var það ekki skráð á sínum tíma eða að þær skráningar hafa ekki varðveist og ekki komist á tölvutækt form.

Hvað er asbest:

Orðið „asbest“ kemur úr grísku og merkir óeyðanlegt og er samheiti yfir þráðlaga kristölluð sílíkat-steinefni sem hafa ólíka byggingu og eiginleika. Þau algengustu eru krýsótíl (hvítt asbest), sem er um 90% af asbestframleiðslu heimsins, krókídólít (blátt asbest), amósít (brúnt asbest), antófýllít, tremólít og aktínólít. Kristallabygging asbests gerir það að verkum að hægt er að kljúfa það að endilöngu en þræðirnir eru mun sterkari á lengdina og er það eitt af einkennum á asbestþræði. Ef asbestögn á að teljast þráður verður lengd þráðarins að vera a.m.k. 3 sinnum meiri en breiddin. Asbest er unnið úr grjótnámum á svæðum þar sem mikið er af því og þaðan er það flutt til frekari vinnslu í verksmiðjur þar sem það er molað niður og þræðirnir aðskildir og hreinsaðir áður en þeir eru seldir sem íblöndunarefni í ýmsan varning. Asbestþræðir eru mjög slitsterkir og þola mjög mikinn hita. Það var því algengt að asbest væri notað sem brunavarnarefni, hitaeinangrun og við ýmiskonar iðnað þar sem mikill hiti er notaður. Við vinnu með asbest myndast nálar- eða þráðlaga asbestryk. Það er þetta ryk sem er hættulegt heilsu. Margar rykagnirnar eru mjög smáar og léttar og geta svifið um í marga daga. Stærð og lögun þráðanna hefur áhrif á hversu vel þeim gengur að komast inn í líkamann. Asbest sem steinefni finnst nánast ekki í íslenskt náttúru.



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Heilsuhætta:

Við meðhöndlun og vinnu með asbest myndast nálar- eða þráðlaga asbestryk. Það er ryk sem er hættulegt heilsu.

f.h. Skipulagsfulltrúa

Bjarki Valberg
Umhverfisfulltrúi

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026